

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 193/2012

2013/EES/6/03

frá 26. október 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 277/2012 frá 28. mars 2012 um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi og aðgerðamörk fyrir díoxín og fjöklóruð bifeníl⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2012/154/ESB frá 15. mars 2012 um vöktun á tilvist beiskjuefna úr grasdrjólavesppi í fódri og matvælum⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 33. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB):
„– **32012 R 0277**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 277/2012 frá 28. mars 2012 (Stjtið. ESB L 91, 29.3.2012, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005):
„40a. **32012 H 0154**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2012/154/ESB frá 15. mars 2012 um vöktun á tilvist beiskjuefna úr grasdrjólavesppi í fódri og matvælum (Stjtið. ESB L 77, 16.3.2012, bls. 20).“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 13. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/161/ESB) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“ í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „14. **32012 H 0154**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2012/154/ESB frá 15. mars 2012 um vöktun á tilvist beiskjuefna úr grasdrjólavesppi í fódri og matvælum (Stjtið. ESB L 77, 16.3.2012, bls. 20).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 277/2012 og tilmæla 2012/154/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 91, 29.3.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 77, 16.3.2012, bls. 20.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.